

Mánudaginn 29. maí 1961.

Nr. 79/1960. Ákærvaldið (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Brynjari Ólafssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Áni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Steiðansson sakadómari.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið haldin í málinu og vitni verið eiðfest, sem héraðsdómari hafði vanrækt að eiðfesta.

Með úrskurði Hæstaréttar, upp kveðnum 24. febrúar 1961, var æskt umsagnar Læknaráðs um skýrslu Rannsóknarstofu háskólans, dags. 30. ágúst 1959, um krufningu þá, sem Ólafur Bjarnason læknir framkvæmdi á líki Sigríðar Ástu Þórarinsdóttur. Einkum var um það spurt, hvað ráða megi af krufningunni og með hve mikilli vissu um dánarorsök konunnar. Þá var óskað skýrslu um hættusemi kverktaka. Loks var beiðzt yfirlýsingar Læknaráðs um, hvort álykta megi af krufningarskýrslunni nokkuð um það, hvort samfarir ákærða við nefnda konu hafi farið fram að óvilja hennar. Læknaráð kvað upp álit um málið hinn 4. og 22. apríl 1961, og er niðurlag álitsgerðarinnar á þessa leið:

„Ad. 1. Eins og tekið er fram í ályktun Ólafs Bjarnasonar læknis um réttarkrufninguna, kemur það, sem við krufninguna fannst, heim við það, að konan hafi verið kyrkt. Er þar ekki aðeins átt við marbletti og blæðingu á hálsinum, sem bendir til þess, að konan hafi verið tekin kverkataki, heldur einnig við breytingar í lungunum (interstiels emphysem), sem benda til þess, að konan hafi kafnað. Og þar sem engin einkenni fundust um nokkurn sjúk-

dóm, sem köfnun gæti valdið, liggur beinast við að álykta, að kverkatak hafi valdið dauða konunnar.

Læknaráð er því samþykkt ályktun Ólafs Bjarnasonar um krufninguna.

Ad. 2. Kverkatak getur auðveldlega leitt til bana, þegar fast er tekið, svo að blóðið safnast fyrir í höfðinu, eins og hér hefur átt sér stað, jafnframt því sem lokast fyrir barkann.

Ad. 3. Læknaráð getur ekki látið uppi neitt álit um það, hvort samfarir hafi farið fram gegn vilja konunnar. Engin meiðsli fundust í kynfærum hennar, sem bentu til, að ofbeldi hafi verið beitt.“

Framburður vitna um aðkomu að ákærða og líki Sigríðar Ástu Þórarinsdóttur í herbergi hennar á Elliheimilinu að Fjólugrund aðfaranótt 30. ágúst 1959, verksummerki á líkinu, álit krufningarlæknis og Læknaráðs um dánarorsökina, viðbrögð ákærða eftir verknaðinn og loks það, að eigi er öðrum fremjanda til að dreifa, þykir veita sönnur fyrir því, að ákærði hafi með miklum áhrifum áfengis ruðzt inn til Sigríðar Ástu Þórarinsdóttur til að hafa við hana samfarir og þá tekið hana kverkatak, sem leiddi hana til bana. Ber að heimfæra verknað hans undir 211. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, enda fær ölvun hans, þá er hann framdi verknaðinn, eigi leyst hann undan refsingu samkvæmt þeirri grein, sbr. 17. gr. sömu laga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10 ára fangelsi. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 31/1961 verður ákærða eigi dæmd réttindasvipting í máli þessu, sbr. 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt á vist ákærða í gæzluvarðhaldi frá refsingu og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Brynjar Ólafsson, sæti fangelsi 10 ár.

Öröskuð eiga að vera ákvæði héraðsdóms um frádrátt á vist ákærða í gæzluvarðhaldi frá refsingu og málskostnað í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 12.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akraness 17. marz 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. febrúar sl., er af hálfu ákærvaldsins höfðað gegn Brynjari Ólafssyni sjómanni, Ytra-Hólmi, Innri-Akraneshreppi, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu 9. febrúar 1960, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 30. ágúst s.l. tekið um kverkar stúlkunni Sigríði Ástu Þórarinsdóttur, fæddri 3. apríl 1916, en þau voru í herbergi hennar í Elliheimilinu að Fjólugrund 6 á Akranesi, og kyrkt hana.

Í ákæruskjali er brot þetta talið varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Siglufirði 3. júní 1937.

Hann hefur áður sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1954 18/9 Vestmannaeyjar. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.

— 12/12 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 29/12 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1955 16/8 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1956 15/8 Siglufjörður. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 22/8 Siglufjörður. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 17/7 Akureyri. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 22/10 Keflavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 8/11 Keflavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1957 3/7 Siglufjörður. Sátt, 125 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 3/7 Siglufjörður. Sátt 800 kr. sekt og 3.830 kr. skaðabætur fyrir ölvun og líkamsárás.
- 25/7 Siglufjörður. Kærður fyrir þjófnað. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytis.
- 1958 22/5 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 23/7 Akureyri. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1/10 Akureyri. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 20/10 Akureyri. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 30. ágúst s.l., klukkan langt gengin fjögur, vaknaði starfsstúlka á Elliheimilinu hér í bænum, Jónína Þorbjörg Jónsdóttir, við einhvern hávaða úr næsta herbergi við það, sem hún svaf í þar á Elliheimilinu, en í herbergi því, sem hávaðinn kom úr, svaf Sigríður Ásta Þórarinsdóttir.

Taldi Jónína Þorbjörg í fyrstu, að Ásta væri að tala upp úr svefninum, en er hún heyrði hana segja: „Farðu, farðu,“ taldi Jónína Þorbjörg, að ölvaður maður væri inni hjá henni. Ekki áráddi þó Jónína Þorbjörg að fara inn í herbergi Ástu til að gá að, hvað um væri að vera, heldur hringdi hún í lögregluvarðstofuna, en þar var ekki svarað. Náði nú Jónína Þorbjörg í Ernu Pálsdóttur, sem einnig var starfsstúlka á Elliheimilinu og hélt þar til, og fóru þær í næsta hús, Fjólugrund 9, og fengu sér til aðstoðar Árna Runólfsson, sem þar bjó, en hann brá skjótt við og kom stúlkunum til aðstoðar. Héldu þau þegar að herbergi Ástu Þórarinsdóttur í Elliheimilinu, og opnaði Jónína Þorbjörg dyrnar að því. Sáu þau þá, hvar Ásta lá hreyfingarlaus á ská á legubekk þeim, sem hún svaf á, með annan fótinn út af legubekknunum, en hinn á brún hans. Segja þau hana hafa verið í náttkjól einum klæða, og hafi hann verið brettur upp, þannig

að hún hafi verið alls nakin að neðan. Höfðalagsmegin á legubekknunum sat ungur maður, hár og grannur, allmikið ölvaður, en þó ekki ósjálfbjarga, og rólegur að sjá. Kveðst Árni Runólfsson þegar hafa borið kennsl á manninn, ákærða í máli þessu, Brynjar Ólafsson, en stúlkurnar báru ekki kennsl á hann.

Er Jónína Þorbjörg opnaði dyrnar að herberginu, kveður Árni ákærða hafa spurt hana, hvað hún væri þarna að gera, en ákærði hafi svo virzt hjaðna niður, þegar hann sá Árna, og vildi þá fara út úr húsinu. Fylgdu þau Árni og stúlkurnar honum þegar út, og skildi þar með þeim.

Því næst hringdi Árni til Hallgríms Björnssonar læknis, og kom hann um 15 mínútum síðar í Elliheimilið, en þá var stúlk-
an, Sigríður Ásta Þórarinsdóttir, látin.

Er Árni hafði lokið við að hringja til læknisins, fóru þau, hann og fyrrgreindar starfsstúlkur Elliheimilisins, aftur upp í herbergi Ástu, hagræddi Árni henni á legubekknunum og breiddi ofan á hana sæng. Virtist Árna hún þá þegar vera látin. Ekki veittu þau eftirtekt nokkrum áverka á konunni, Ástu, en Árni segir, að ekki hafi leynt sér, að hafðar hefðu verið við hana samfarir þá rétt áður, en stúlkurnar segjast ekki sérstaklega hafa athugað um þetta, en eftir aðkomunni að dæma hafi miklar líkur verið til þess.

Hallgrímur Björnsson læknir, Deildartúni 3, Akranesi, skýrir svo frá, að er hann kom inn í herbergi Ástu Þórarinsdóttur í Elliheimilinu, hafi hún legið á bakinu (upp í loft) á legubekk eða dívan, undir sæng, með mikið kreppt hné, og hafi andlit hennar og hné hallað til hægri handar upp til veggjar. Kveður læknirinn engar andardráttarhreyfingar hafa sézt á stúlkunni, og hvorki hafi fundizt æðasláttur né heldur heyrzt hjartahljóð við hlustun. Sjónop stúlkunnar hafi verið víkkuð út til háls og augu hennar lin átöku, en neðan á vinstra handlegg hennar og baki hafi verið sjáanlegir byrjandi líkblettir og í munni hennar og á vörum hafi verið lítið eitt af blóðugu slími, og smásár, sem virzt hafi nýlegt, hafi sézt á efri vör. Þá segir læknirinn, að framan á hálsi, aðeins til hægri við miðlínu, hafi verið rúmlega gómstór marblettur. Líkið hafi aðeins verið klætt í náttkjól, sem brettur hafi verið upp.

Færði læknirinn líkið ofar á legubekkinn og rétti úr því, en tilkynnti síðan héraðslækni um dauðsfallið. Héraðslæknirinn tilkynnti það svo bæjarfógeta, sem fól Stefáni Bjarnasyni, yfir-

lögregluþjóni á Akranesi, frumrannsókn málsins, en þá var klukkan um 0445 um nóttina.

Lík stúlkunnar var næsta morgun, sunnudagsmorguninn 30. ágúst s.l., flutt í Rannsóknarstofu Háskólans í Reykjavík til réttarkrufningar.

Stefán Bjarnason yfirlögregluþjónn fór þegar að boði bæjarfógeta á vettvang í Elliheimilið ásamt öðrum lögreglumanni, Jónasi Márussyni, og hitti þar Árna Runólfsson, sem eigi vissi þá nafn ákærða, en gaf svo nána lýsingu á honum, að þeir lögreglumennirnir fóru þegar heim til hans að Skagabraut 26, Akranesi, og handtóku hann þar og færðu hann í fangahúsið. Segir Stefán yfirlögregluþjónn ákærða þá hafa verið áberandi ölvaðan.

Við athugun á vettvangi segir Stefán yfirlögregluþjónn, að í ljós hafi komið, að ákærði hafi farið inn um glugga á geymslu á neðri hæð Elliheimilisins með því að brjóta þar rúðu, en þá hafi verið greiður gangur inn í húsið. Svo hafi virzt, sem ákærði hefði kunnað skil á húsaskipan, því að hann hafi án þess að gera vart við sig gengið að herbergi stúlkunnar, Ástu Þórarinsdóttur, en herbergið sé staðsett við hliðargang á efri hæð. Á hálsi líksins, segir Stefán yfirlögregluþjónn, að verið hafi marblettur neðan við barkakýlið, og hafi það ótvírætt bent til þess, að tekið hafi verið fyrir kverkar stúlkunni.

Á gólfi herbergisins kveður Stefán, að legið hafi tóm brennivínsflaska.

Vitnið Ragnar Magnússon verkamaður, 19 ára að aldri, Kirkjubraut 56, Akranesi, skýrir svo frá, að laugardagskvöldið 29. ágúst s.l. hafi hann hitt ákærða á götu hér á Akranesi, og þeir tekið tal saman, enda verið málkunnugir. Hafi ákærði sagt, að hann hefði þá verið búinn að drekka úr hálfri flösku í einhverju tilteknu húsi. Um miðnætti fóru þeir heim til Ragnars að Kirkjubraut 56 og settust við drykkju, og segir Ragnar þá hafa drukkið þarna saman úr tveimur flöskum af brennivíni. Þeir hafi spjallað saman um síldveiðarnar og um daginn og veginn, en ekkert hafi komið fram í samræðum þeirra, sem bent hefði getað til þess, að ákærði hefði í huga að brjótast inn í Elliheimilið, og ákærði hafi ekki haft orð á neinu slíku. Kveður Ragnar ákærða hafa verið kátan yfir drykkjunni og ekki sýnt sig í neinum illindum, en hann hafi verið orðinn mjög ölvaður, er hann fór frá honum (Ragnari) um kl. þrjú um nóttina aðfaranótt sunnudagsins 30. ágúst s.l., og hafi ákærði þá sagzt ætla að fara

heim til sín að sofa að Skagabraut 26, þar sem foreldrar hans bjuggu. Kveður Ragnar hann hafa farið með slatta í brennivínsflösku með sér, er þeir skildu.

Ákærði kveðst hafa verið nokkuð með áhrifum áfengis, er hann hitti Ragnar Magnússon greint laugardagskvöld, en verið orðinn mjög ölvaður, þegar hann fór frá Ragnari, og ekki muna, hve þá hafi verið orðið áliðið nætur. Segir ákærði sig ráma í, að hann hafi komið að Elliheimilinu, eftir að hann fór frá Ragnari, brotið þar rúðu og farið þar inn, en hann hafi haft hugmynd um, hvar Ásta Þórarinsdóttir hafði herbergi þarna í húsinu, enda fundið það fljótt. Viðurkennir ákærði að hafa farið inn til stúlkunnar í þeim tilgangi að hafa við hana samfarir, enda segir hann sig ráma í að hafa haft samfarir við hana þarna í herbergi hennar, en ekki kveðst hann minnst þess, að hún hafi verið því sérstaklega mótfallin, þannig að um nauðgun hafi verið að ræða, en hann kveðst hafa þekkt hana lítillaga fyrir og tvívegis haft samfarir við hana áður. Ekki kveðst ákærði minnst þess að hafa beitt hana nokkru ofbeldi þarna inni í herbergi hennar og ekki heldur muna til þess, að hann tækj um háls hennar eða kverkar.

Ekki segist ákærði hafa gert sér grein fyrir því, að stúlkan væri látin, er hann skildi við hana.

Segist hann minnst þess, að herbergisdýrnar hafi verið opnaðar, meðan hann dvaldist þar inni, og að einhver maður, sem hann þekkti ekki, hafi fylgt honum út, en ekki svo muna, hvert hann fór. Segist hann þó hafa hlotið að fara heim til sín.

Ákærði gerir þannig grein fyrir sjálfum sér, að hann eigi vanda til að drekka sér til óminnis. Það er, að hann muni ógjarna eftir á, hvað gerzt hafi, meðan hann hafi verið mikið ölvaður. Segir hann áfengi hafa þau áhrif á sig, að hann verði ofsafenginn í skapi og framferði, og þegar hann sé með áhrifum þess, sé sér gjarnt að lenda í slagsmálum. Kveðst hann einu sinni hafa slegið mann á Siglufirði, er hann var í ölvunarástandi, og alloft hafa verið kærður fyrir ölvun og óspektir. Án áfengis kveðst hann hins vegar fremur rólyndur og óáreitinn.

Ákærði kveðst gera sér ljóst, að allt bendi til þess, að hann eigi sök á dauða Ástu Þórarinsdóttur, en fráleitt hafi það verið ætlun sín eða áform, er hann brauzt inn til hennar, að stytta henni aldur eða misþyrma henni á nokkurn hátt, heldur hafi tilgangurinn verið sá, sem hann hefur áður greint frá, að hafa við hana samfarir.

Svo sem áður er tekið fram, var lík Sigríðar Ástu Þórarins-dóttur flutt í Rannsóknarstofu Háskólans til réttarkrufningar.

Ólafur læknir Bjarnason, sem réttarkrufninguna annaðist, segir svo í niðurlagi krufningarskýrslu sinnar:

„Við krufninguna fundust marblettir í húð framan á hálsi ásamt útbreiddum ferskum blæðingum í mjúka vefi og vöðva umhverfis barkakýli og ofanverðan barka. Einnig fundust blæðingar í aftanverðum skjaldkirtli v. megin, í slímhúð barkakýlis og neðst í koki ásamt blóðlituðu slími í munni, koki og barkakýli og barka. Í hjartanu var mikið af dökku, fljótandi blóði, í lungum loftblöðrur undir brjósthimnu, heili blóðríkur og augu blóðhlaupin.

Ofangreindir áverkar og einkenni koma heim við það, að konan hafi verið tekin kverktaki og kyrkt.

Engin einkenni fundust um bráðan sjúkdóm í innri líffærum.

Í leggöngum konunnar fannst mikið af sæðisfrumum.“

Þórði Möller, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, yfir-lækni sjúkrahússins á Kleppi, var falin rannsókn á geðheilbrigði ákærða.

Í álitgerð sérfræðingsins, dags. 9/2 1960, er í höfuðdráttum rakinn æviferill ákærða, og segir þar meðal annars svo:

„16 ára gamall fór Brynjar til sjós og hefur verið það að mestu síðan, ýmist á bátum, togurum eða flutningaskipum. — Þótti hann mjög dugandi sjómaður.

Fljótlega eftir að hann fór á sjóinn, fór hann að neyta áfengis í óhófi. Drakk hann þá með félögum sínum í landlegum, og gat það orðið upp undir ½-mánaðar samfelld drykkja. Drakk hann snemma talsvert illa og varð mikið drukkinn. Fljótlega eða strax þótti bera á því, að hann varð vondur við vín, stundum alveg trylltur. Hefur hann enda marg-oft fengið sektir fyrir ölvun á almannafæri og óspektir, og er sakavottorð hans í 16 liðum. Oft og einatt man hann ekki eða mjög óljóst eða aðeins í glefsum, hvað komið hefur fyrir hann í þessu ástandi, en er þá oftast mjög drukkinn. Hefur þetta allt heldur færzt í aukana nú hin síðari árin. Ekki hefur Brynjar fengið neinar alkoholiskar psykosur enn.“

Enn fremur er skýrt frá því, að samkvæmt sálfræðilegum prófunum hafi greindarþroski ákærða reynzt vera í meðallagi (greindarvísitala 99). Segir síðan í niðurlagi álitgerðarinnar:

„Um er að ræða ungan sjómann, sem frá æsku hefur neytt áfengis í óhófi miklu og breytist við það úr stilltum og prúð-

um pilti í uppivöðslusegg, sem engu eirir, þegar hann er undir áhrifum áfengis. Hefur þetta orðið meira áberandi með árunum. Minni hans er takmarkað mjög eftir slíka drykkju.

Aðfaranótt 30. ágúst 1959 verður honum svo á, ofurölva, að bana konu nokkurri, öryrkja, á Elliheimilinu á Akranesi, er hann hafði brotízt inn í húsið og haft samfarir við konuna, hugsanlega við nokkurn mótþróa af hennar hálfu, sem þá hugsanlega hefur valdið hinum ofsalegu viðbrögðum hans. Ekkert man hann sjálfur um þenna atburð og getur engar skýringar gefið á honum.

Álit mitt á Brynjari Ólafssyni er því: Hann er hvorki fáviti né geðveikur, heldur ofdrykkjumaður, hugsanlega með dulda geðveilu, sem varla eða ekki kemur fram nema undir lamandi áhrifum áfengis.

Þessi niðurstaða dregur í engu úr sakhæfi mannsins.“

Við munnlegan flutning málsins krafðist verjandi ákærða þess, að ákærði yrði einungis dæmdur eftir 218. gr. sbr. 215. gr. almennra hegningarlaga í stað 211. gr., sem ákært er eftir, þar sem verjandinn taldi, að verknað ákærða bæri að heimfæra undir gáleysisbrot, en ekki ásetnings, og bæri því ekki að dæma ákærða eftir 211. gr. almennra hegningarlaga.

Var málið reifað einnig með tilliti til framangreindrar kröfugerðar verjandans, sbr. niðurlag 118. gr. laga nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála.

Enda þótt ekki liggi alltaf ljóst fyrir, hvað telja beri ásetningsbrot eða gáleysisbrot, mun þó sá skilningur á hugtakinu ásetningur vera viðurkenndur, enda eðlilegur, að telja beri brotið ásetningsbrot, ef svo náíð samband er milli verknaðar og afleiðingar, að hver sæmilega skyni gæddur maður ætti að sjá afleiðingu verknaðarins fyrir.

Dómurinn lítur svo á, að í því tilfelli, sem hér um ræðir, sé þetta samband verknaðar og afleiðingar svo náíð og augljóst hverjum meðalgreindum manni, að enginn vafi leiki á, að heimfæra beri verknaðinn undir ásetningsbrot.

Getur því dómurinn ekki fallízt á framangreindar kröfur verjandans eða tekið þær til greina.

EKKI verður talið, að nein sérstök refsilækkunarskilyrði séu fyrir hendi, enda ber þess að gæta, að í því tilfelli, sem hér er um að ræða, kom ákærði sér sjálfur í það ástand, sem honum mátti vera ljóst, að gat verið hættulegt þeim, sem hann umgekkst, á meðan þannig stóð á fyrir honum.

Samkvæmt þeim málavöxtum, sem nú hafa verið raktir, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi af ráðnum hug kyrkt stúlkuna Sigríði Ástu Þórarinsdóttur aðfaranótt 30. ágúst s.l. Hins vegar hefur ekkert það komið fram í rannsókn málsins, sem bendi til, að ákvörðun um verknaðinn hafi orðið til hjá ákærða, fyrr en á samri stundu og hann var framinn.

Varðar þessi verknaður ákærða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þar sem geðheilbrigðirannsókn hefur leitt í ljós, að ákærði er sakhæfur, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 ber gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 30. ágúst s.l. að koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Samkvæmt 68. gr. sömu laga, 3. mgr., ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Brynjar Ólafsson, sæti fangelsi í 16 ár. Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 30. ágúst 1959 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.